T
MIDVIKUDAGUR 27. MARg 1,991. 17

Meruung

Mannlíf á myndum

Um Islensku ljósmyndasýninguna 1991
Um margra ára, jafnvel áratuga,
skeiö hafa íslenskar sjónmenntir lið-
iö fyrir vöntun á gróskumikilli Ijós-
myndahefö. Tæplega er um aö kenna
skorti á íslenskum ljósmyndurUm,
eins og sést á því að fyrir nokkrum
dögum voru uppihangandi myndir
eftír hartnær fimmtíu spreMfandi
ljósmyndara á öllum aldri, mest-
megnis atvinnumenn, á tveimur sýn-
ingarstöðum í bænum.
Þess utan eru nokkur íslensk ljós-
myndaraefni í þann mund að ljúka
námi við virta skóla úti í löndum, svo
ekki sé minnst á álitlegan hóp efni-
legra leikmanna um land allt.
Einhverra hluta vegna hefur þessi
skari ljósmyndara ekki náð aö gera
sig gildandi innan íslenskra sjónhsta.
Margir þeirra. hafa að vísu komið frá
námi með ferskar hugmyndir í ljós-
myndatöskunni, haldið sýningar á
ljósmyndum, jafnvel stofnað ljós-
myndatímarit, en koðnað niður í
ófrjórri peningavinnu fyrir auglýs-
ingastofur, fjölmiðla eða iðnfyrir-
tæki. Nokkrir þeirra hafa að vísu
unnið skapandi ljósmyndavinnu
þess á milli, en ekki nógu samfellt til
árangurs.

Stöðnun/endurnýjun
Saga íslenskrar ljósmyndunar hin
síðari ár er að sönnu vörðuð stökum
úrvalsmyndum en í hana vantar
hrygglengjuna, heildstæða ljós-
myndavinnu nokkurra svipmikilla
einstaklinga sem er frumskilyrði
þess að lifvænleg „hefð" geti mynd-
ast. Þetta ástand mála hefur ekki síð-
ur komið niður á öðrum myndmiðl-
um en ljósmyndinni, hefur til dæmis
torveldað nýskapandi víxlverkun
þeirra.
Er fróðlegt að bera íslenska ljós-
myndun saman við ljósmyndun
frænda vorra á Norðurlöndum sem
einkennist af stöðugri og þróttmikilli
endurnýjun, einkum og sérílagi í
Finnlandi.
Sjálfsagt hefur eitthvað skort á
metnað og festu íslenskra ljósmynd-
ara. Hefðu þeir staðið fyrir regluleg-

um sýningum á ljósmyndum og~
skoðanaskiptum um þær værum við
betur á vegi stödd. Sjálfsagt hefur
einnig skort talsvert á skilning ís-
lensks menningarsamfélags á eðli og
gildi Ijósmyndunar, enda eru ís-
lenskar sjónmenntir svo ungar að
árum að við erum tæplega búin að
venjast forvera hennar, málaralist-
inni.

Yfirbót og endurreisn
En hverjar sem ástæður þessarar
Ijósmynaarlegu ládeyðu eru gefst nú
gullvægt tækifæri til yfirbótar og
endurreisnar.
Ljósmyndaþjónustan
Skyggna/Myndverk hf. hefur nú sýnt
af sér það lofsverða framtak að
stofna til mikillar samsýningar og
úttektar á íslenskri nútímaljósmynd-
un að Kjarvalsstöðum í von um að
„hér sé upphafið að reglubundnum
sýningum af þessu tagi og að þær
yerði vettvangur fyrir það besta í ís-
lenskri ljósmyndun sem ljósmyndar-
ar stefna á og miða vinnubrögð sín
við í framtíðinni" eins og segir í efn-
isrnikilli sýningarskrá. Ljósmynda-
safn Reykjavíkur hefur og gengið til
samstarfs við aðstandendur syning-
arinnar og kynnir fallegt úrval gam-
alla ljósmynda á vesturgangi Kjar-
valsstaða.

Á ljósmyndasýningunni eru 190
myndir eftir 43 ljósmyndara, valdar
úr 650 innsendum myndum. í hópi
þessara 43 ljósmyndara eru grun-
samlega fáar konur, 4 talsins. Hvað
veldur?
Með þessari fyrstu samsýningu
sinni færast aöstandendur æði mikið
í fang því henni er ekki einasta ætlað
að sýna ástand og horfur í „frjálsri"
eða „skapandi" ljósmyndun á Islandi
heldur einnig í iðnaöar- og atvinnu-
ljósmyndun, tískuljósmyndun og
auglýsingaljósmyndun, en hver og
einn þessara ílokka kallar á sérstaka
sýningu. Auk þess eru allnokkrar
myndir af þessum toga að finna með-
al „Listrænna ljósmynda" og í svo-
kölluðum „Frjálsum ílokki".

Björn Torfi Hauksson - Valdimar Örn Flygening.

Verktakaljósmyndir
Flokkun ljósmynda á sýningunni
er í rauninni 'A vandræðaleg, hugs-
anlega vegna þess að þátttakendur
fengu sjálfir að hafa áhrif á hana.
Meðal „listrænna" mynda eru hrein-
ar auglýsingamyndir, íþróttamyndir
fylla flokk sem heitir „Daglegt líf'
o.s.frv.
Allt um það lætur nærri að fjórð-
ungur sýndra ljósmynda sé gerður í
þágu annarra en ljósmyndaranna
sjálfra sem gefur örugglega ekki

rétta mynd af þeim sem um linsurn-
• ar halda. Þessi fjöldi tækhilega óað-
finnanlegra „ verktakaljósmynda",

Myndlist
Aðalsteinn Ingólfsson

þar á meðal uppstilltra barna- og
portrettmynda, gefur sýningunni í
heild sinni áferöarfagurt en um leið

yfirborðskennt svipmót. Og þegar
við bætist fyrirferöarmikill flokkur
fágaðra „Landslags- og náttúrlífs-
mynda" er ekki trútt um að maður
sakni lýsandi og spurulla mannhfs-
ljósmynda úr daglega lífinu, helst í
svart/hvítu, en margir telja þær
hornstein og kjölfestu þessa mynd-
miðils. Ljósmyndum af þeirri gerð
er vissulega til að dreifa á sýning-
unni, en ekki nægilega mörgum fyrir
minn smekk.

Nokkur dæmi

Ég nefni til dæmis „Eggert Magn-
ússon við eitt verka sinna" eftir
Gunnar Gunnarsson, „Gunnar
Sverrisson" eftir Braga Þ. Jósefsson,
„Bóndi er bústólpi" eftir Björn Rú-
riksson (í flokki atvinnuljósmynda),
„Gústa" eftir Jóhannes Long, „Por-
trett í heita læknum" eftir Sigurgeir
Sigurjónsson, „Dans" og „Ay! Madre
mia" eftir Marisu Arason, „Valva"
eftir Sigurgeir Sigurjónsson, „Heim-
urinn er forvitnilegur" eftir Eirík
Jónsson, „Heimsókn í klaustur
Karmelsystra" eftir Brynjar Gauta
Sveinsson og „Veiðimenn á norður-
slóð" eftii>Ragnar Axelsson.
Tvö síðastnefndu verkin eru raun-
ar myndraðir en nokkrir þátttak-
enda virðast hafa þroskað með sér
frásagnargáfu sem vert er að fylgjast
með í náinni framtíð. Meðal annarra
sögumanna eru þeir Þorkell Þorkels-
son og Grímur Bjarnason með nekt-
armyndir sínar ög Sigurþór Hall-
þjörnsson með mótorhjólasvítu sína.
(Ein aðfinnsla: Ártöl ættu undan-
tekningarlaust að fylgja ljósmynd-
um.)

Nýsköpun
„íslenska ljósmyndasýningin 1991"
á eflaust eftir að verða aðstandend-
um jafnt sem þátttakendum gott
veganesti upp á sambærilegar sýn-
ingar í framtíð. í þeirri framtíð
mundi ég telja heppilegast að láta
alla „verktakaljósmyndun" lönd og
leið og ganga út frá nýsköpun.

HIRTU TENNURNAR VEL — en gleymdu ekki undirstöðunni!

*

er jinnig

f

auðug af próteini, fosfóri.ýmsum B - vítamínum og gefurzink, magníum, natríum og fleiri efni sem eru líkamanum nauðsynleg. "MJÓLKURDAGSNEFND